

Afgreiðslufundur

Árið 2025, fimmtudaginn 21. ágúst kl. 09:00 var haldinn 1853. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Bhangra veitinga ehf., kt. 410322-0800, dags. 11. ágúst 2025, um starfsleyfi fyrir matsöluvagn, færanleg matvælastarfsemi (Funký Bhangra Matarvagn). Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Almennum skilyrðum fyrir rekstri matsöluvagna í Reykjavík samþykkt af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur*. Leyfi fyrir matsöluvagni til að halda matvælum heitum ásamt djúpsteikingu. Engin meðhöndlun hrárra matvæla, annarra en matjurta, fer fram í vagninum.
2. Lögð fram umsókn Tunglsins Selfoss ehf., kt. 600622-0560, dags. 25. júní 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Noodle King) að Geirsgötu 9, F2000235, rými 01 0001, 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
3. Lögð fram umsókn Tunglsins Selfoss ehf., kt. 600622-0560, dags. 26. júní 2025, um skráningu á veitingastað (Noodle King) að Geirsgötu 9, F200235, rými 01 0001, 01 0101. Ný skráning.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.
4. Lögð fram umsókn Berserkja ehf., kt. 590902-2920, dags. 15. ágúst 2025, um skráningu á niðurrifi á asbeststamma að Hverfisgötu 19, F2003028, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
5. Lögð fram umsókn Landfara ehf., kt. 650190-1309, dags. 6. ágúst 2025, um skráningu á bifreiða- og vélaverkstæði (Landfari) að Klettagörðum 5, F2254637, rými 03 0101. Flutningur í nýtt húsnæði.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði*.
6. Lögð fram umsókn Kristjáns Geirs Péturssonar, dags. 11. ágúst 2025 um leyfi til hænsnahalds að Oddagötu 16.
Samþykkt að veita leyfi til hænsnahalds til 4 ára fyrir allt að 4 hænum að Oddagötu 16. Um hænsnahald gildir *Samþykkt nr. 815/2014 um hænsnahald í Reykjavík, utan skipulagðra landbúnaðasvæða*.

7. Lögð fram umsókn Isavia ANS ehf., kt. 591219-1460, dags. 4. júlí 2025 um leyfi til hæsnahalds að Sóleyjarima 6.
Samþykkt að veita leyfi til hæsnahalds til 4 ára fyrir allt að 4 hænum að Sóleyjarima 6. Um hæsnahald gildir *Samþykkt nr. 815/2014 um hæsnahald í Reykjavík, utan skipulagðra landbúnaðasvæða.*

Fundi slitið kl. 09:46

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson